

Szuluk gegn Bretlandi

Dómur frá 2. júní 2009

Mál nr. 36936/05

8. gr. Réttur til friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Fangar. Bréfaskipti.

1. Málsatvik

Kærandi, Edward Szuluk, er breskur ríkisborgari, fæddur árið 1955 og situr nú í fangelsi í Staffordskíri í Bretlandi. Þann 30. nóvember 2001 var kærandi dæmdur í 14 ára fangelsi vegna fíkniefnabrota.

Kærandi hafði verið látinn laus gegn tryggingu og beið réttarhalda. Þann 6. apríl 2001 fékk hann heilablóðfall og gekkst í kjölfarið undir tvær skurðaðgerðir. Eftir að hann var færður í fangelsi var hann undir eftirliti taugageislalæknis utan spítalans og þarfnaðist skoðunar hjá honum tvisvar á ári. Kærandi afplánaði dóm sinn í fangelsi með föngum, sem sættu hámarksöryggisgæslu, og féll hann því undir þær reglur sem um slíka fanga gilda, m.a. um bréfaskipti. Fór kærandi þess á leit við fangelsisstjórnann að farið yrði með bréfaskriftir hans við lækni sem trúnaðarmál, til að tryggja að hann hlýti rétta lækni meðferð og eftirlit í fangelsinu. Fallist var á þá beiðni hans að vissum skilyrðum uppfylltum. Síðar endurskoðaði fangelsisstjórinn þá ákvörðun sína og voru því öll bréfaskipti milli kæranda og læknis hans opnuð og skoðuð af fangelsislækninum, til að staðreyna að þar kæmu einungis fram upplýsingar af læknisfræðilegum toga. Kærandi krafðist endurskoðunar dómstóla á þeirri ákvörðun, en fékk ekki hnekknið niðurstöðunni.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að með því að fylgjast með og skoða bréfaskipti hans við lækni sinn utan fangelsisins, hefði ríkið brotið gegn rétti hans til friðhelgi bréfaskipta sinna og einkalífs samkvæmt 8. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að ljóst væri að réttur kæranda til friðhelgi bréfaskipta, sem verndaður væri af 8. gr. sáttmálans, hefði verið takmarkaður. Þar sem hvorki var ágreiningur um að mælt hefði verið fyrir um takmörkun í lögum né að hún hefði stefnt að lögmætu markmiði, laut skoðun dómstólsins eingöngu að því hvort takmörkunin gæti talist nauðsynleg í lýðræðislegu þjóðfélagi. Við það mat bæri að hafa í huga að nauðsynlegt gæti verið, og þar af leiðandi heimilt samkvæmt sáttmálanum, að fylgjast með bréfaskiptum fanga. Dómstóllinn tók fram að ströng skilyrði væru fyrir slíku eftirliti hvað varðaði bréfaskipti fanga við lögfræðinga sína. Í þessu tilviki væri um að ræða eftirlit með samskiptum kæranda við lækni sinn utan fangelsisins, vegna lífshættulegs ástands hans. Dómstóllinn vísaði til framkvæmdar sinnar þar sem áhersla væri lögð á að ef heilsufarslegar upplýsingar einstaklinga nytu ekki verndar í réttarkerfum aðildarríkjanna gætu þeir ekki notið viðunandi lækni meðferðar, þar sem líklegra væri að þeir vildu ekki gefa þær upp. Jafnframt vísaði dómstóllinn til framkvæmdar sinnar hvað varðaði 3. gr. sáttmálans og staðla Evrópunefndar um varnir gegn pyndingum, um að ríki yrðu að veita föngum viðunandi lækniþjónustu.

Dómstóllinn leit til þess að kærandi þurfti stöðuga sérfræðimeðhöndlun þar sem ástand hans gæti verið lífshættulegt og að hann afplánaði refsingu með föngum, sem sættu hámarksöryggisgæslu. Kærandi hafi einungis viljað skrifast á í trúnaði við einn lækni, sem hefði fylgt fyrir mælum fangelsisstjórnar og auðkennt bréf sín til kæranda sérstaklega.

Í ljósi alvarlegs ástands kæranda taldi dómstóllinn að óhindruð samskipti fanga við sérfræðing á sviði læknisfræði ættu ekki að njóta minni verndar en samskipti fanga við þingmenn. Dómstóllinn vísaði til afstöðu áfrýjunardómstólsins, um að í sumum tilfellum gæti talist úr hófi fram að neita fanga um trúnað í bréfaskiptum hans við lækni sinn og þess að landslögum hefði verið breytt í samræmi við það. Jafnframt leit dómstóllinn til þess að ríkið hefði ekki veitt viðunandi rök fyrir því að neita um

slíkan trúnað í bréfaskiptum fanga við lækni – en heimilisfang, hæfi og trúnaður læknisins var ekki vefengdur á grundvelli hættu á að trúnaðurinn yrði misnotaður – frekar en í bréfaskiptum fanga við lögfræðinga sína.

Í ljósi alls ofangreinds taldi dómstóllinn að ríkið hefði ekki gætt meðalhófs við skerðingu á réttindum kæranda samkvæmt 8. gr. sáttmálans, jafnvel þótt aðeins fangelsislæknirinn hefði farið með umrætt eftirlit.

Kæranda voru í samræmi við 41. gr. sáttmálans dæmdar 1.000 evrur í miskabætur, auk 6.000 evra í málskostnað.